

Nd.

214. Nefndarálit

[106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til, að söluskattur af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu verði hækkaður úr 5½% í 7½%. Af því mundi leiða hækkun skattsins samkvæmt áætlun fjárlaga um 245.1 millj. kr.

Skammt gerist nú stórra höggva milli í skattheimtunni. Fyrr á árinu var þessi sami skattur aukinn úr 3% í 5½%, og nemur söluskattsviðbótin á einu ári þannig 150%. Kemur þó fleira til.

Með lögum nr. 18 12. apríl 1960 um breytingar á skattalögum var afnuminn sá umreikningur á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, er gilt hafði í mörg ár, og með lögum nr. 43 9. júní 1960 voru ákveðnir fastir útsvarsstigir, sem ekki gerðu ráð fyrir breytingum, þó að verðgildi peninga rýrnaði. Þessar breytingar höfðu óhjákvæmilega þær afleiðingar, að skattbyrðin þyngdist stöðugt vegna vaxandi dýrtiðar.

Á árinu 1963 hafði dýrtiðin vaxið risaskrefum, og urðu á því ári verulegar launa-hækkanir af þeim sökum og tekjur manna í krónutölu hækkuðu til muna. Óbreyttar álagningarreglur hlutu því að leiða til mikilla hækkana á tekjuskatti og útsvari.

Í maímánuði s. l. var persónufrádráttur hækkaður um 30%. Var það þó ekki nægilegt til að veða á móti dýrtiðaraukningunni. Aftur á móti voru jafnframt gerðar breytingar á skattstiginum, sem leiddu til hækkana.

Framsóknarmenn báru fram breytingartillögur við skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar s. l. vor, sem miðuðu að því að hækka persónufrádrátt, fjölga skattþrepum og taka upp á ný umreikning miðað við verðgildi tekna, og bentu á, að tekjuskattur og útsvar mundu að öðrum kosti hækka stórlega. Þessum aðvörunum var ekki sinnt og tillögurnar felldar.

Þegar niðurstöður álagningar opinberra gjalda lágu fyrir á s. l. sumri, kom í ljós, að viðvaranir okkar höfðu verið á rökum reistar. Álögurnar voru svo þungar, að öllum ofbauð og óánægja varð meiri en dæmi voru áður til. Virtust allir sammála um, að leiðréttinga væri þörf. Stærstu launþegasamtök landsins kröfðust lagfæringa, og ríkisstjórnin skipaði nefnd til þess að „athuga alla möguleika á því að veita afslátt og frekari greiðslufrest á álögðum opinberum gjöldum.“

Almennt mun hafa verið álitid, að ekki kæmi annað til greina en að mistök in yrðu leiðrétt, og menn biðu vongóðir eftir því, að Alþingi kæmi saman, og bjuggust við, að úrræði ríkisstjórnarinnar til lausnar þessum vanda yrðu með allra fyrstu málum þessa þings.

Þegar í ljós kom, að svo var ekki, og dagarnir liðu einn af öðrum án þess að nokkuð heyrðist frá ríkisstjórninni um þessi mál, báru þingmenn Framsóknarflokksins fram frumvarp um lækkun skatta og útsvara.

Lækkunarfrumvarpið var lagt fram hinn 19. okt., og því var vísað til fjárhagsnefndar þann 5. nóv. Síðan hefur nefndin haldið 6 fundi, og á hverjum einasta þeirra höfum við, fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni, óskað afgreiðslu á frumvarpinu. Þeim tilmælum hefur meiri hlutinn mætt með undanbrögðum, og á fundi nefndarinnar þann 11. þ. m. lýstu fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni því yfir, að afgreiðslu frumvarpsins yrði frestað, þar til Alþingi fjallaði um álagningu opinberra gjalda einhvern tíma á næsta ári. Slík afgreiðsla jafngildir að fella frumvarpið og neita um lagfæringu, þar sem frumvarpið er um álögur yfirstandandi árs og lækkun þeirra.

Þessi málalok verða áreiðanlega mörgum vonbrigði, ekki sízt þeim, sem fram að þessu hafa treyst ríkisstjórninni. En út yfir tekur þó, að réttmætum óskum um sjálfsagða lagfæringu er ekki aðeins neitað, heldur á, samkvæmt þessu frumvarpi, að leggja á stórkostlega nýja skatta.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar er því oft haldið fram, að beinir skattar hafi verið lækkaðir á undanfórnum árum. Hitt mun þó mörgum finnast, að skattar og útsvör hafi verið þeim þungbærari á þessu ári heldur en áður. A. m. k. er það í fyrsta skipti árið 1964, að stjórnskipuð nefnd gerir tillögu um nokkurs konar krepplán handa almenningi til þess að borga með beina skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir 1965 er áætlað, að tekju- og eignarskattur á næsta ári verði 375 millj. kr. Hann var 135.8 millj. kr. árið 1958, og nemur því hækkun hans um 240 millj., eða yfir 176%. En réttur samanburður á álögum nú og fyrir

daga núverandi ríkisstjórnar fæst aðeins með því að taka saman beina og óbeina skatta, þ. e. bæði tekju- og eignarskatt og tolla og söluskatt, en síðustu árin hafa tekjur ríkissjóðs af tollum og sölusköttum aukizt gífurlega. Þær álögur leggjast með miklu meiri þunga á allan almenning heldur en tekjuskatturinn og þungst á þá, sem flesta hafa að framfæra.

Til þess að sýna þá hækkun á tollum og sköttum til ríkissjóðs, sem orðið hefur á valdatíma núverandi ríkisstjórnar, er hér birt yfirlit um þessar álögur, eins og þær voru samkvæmt ríkisreikningi árið 1958 og eins og þær verða áætlaðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1965, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Ríkisreikningur 1958.

Tekju- og eignarskattur	kr. 135 879 258.88
Stríðsgróðaskattur	— 2 217 877.13
Vörumagnstollur	— 36 405 530.50
Verðtollur	— 249 380 592.62
Gjald af innlendum tollvörum	— 11 945 922.92
Tekjur samkv. lögum nr. 33/1958	— 1 293 027.85
Innborgað af útflutningssjóði	— 20 000 000.00
Söluskattur	— 143 150 139.31
Leyfagjald	— 8 008 219.83

Alls kr. 608 280 569.04

Fjárlagafrumvarpið fyrir 1965,

að viðbætti hækkun á aðflutningsgjöldum og gjaldi af bifreiðum og bifhjólum, samkvæmt tillögum fulltrúa stjórnarflokkanna í fjárveitinganefnd:

Tekju- og eignarskattur	kr. 375 000 000.00
Aðflutningsgjöld	— 1 490 550 000.00
Gjald af innlendum tollvörum	— 55 000 000.00
Söluskattur	— 603 500 000.00
Gjald af bifreiðum og bifhjólum	— 138 000 000.00

Kr. 2 662 050 000.00

Þá hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárveitinganefnd lagt fram tillögu um hækkun á söluskatti, samkv. frv.

því, er hér liggur fyrir

kr. 245 100 000.00

Samtals verða þá tollar og skattar áætlaðir árið 1965, samkvæmt fyrirætlunum stjórnarflokkanna

kr. 2 907 150 000.00

Hækkun á tollum og sköttum á tímabilinu 1958—1965 nemur þannig, samkv. framansögðu

2 299 millj. kr.

Við þennan samanburð er þó það að athuga, að árið 1958 var fé til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands tekið úr útflutningssjóði, en samkvæmt tillögum stjórnarflokkanna verða niðurgreiðslur 1965, færðar á gjaldahlið fjárlaganna, áætlaðar 543 millj. kr. Sé þessi fjárhæð dregin frá fram-
annefndri upphæð, kemur fram, að hækkun á tollum og sköttum á tímabilinu 1958—1965 (að frádregnum niðurgreiðslum) er um

1 756 millj. kr.

eða 289%.

Vafalaust verður þó hækkunin til muna meiri en að framan greinir, því að hér eru bornar saman álögur samkv. ríkisreikningi 1958 og áætlaðar álögur samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1965. Tekjur ríkissjóðs af tollum og sköttum hafa farið verulega fram úr áætlunum fjárlaga undanfarin ár, og má gera ráð fyrir, að svo verði enn á næsta ári.

Ríkisstjórnin segist þurfa að hækka söluskattinn til þess að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög. Undirritaðir halda því fram, að þessi staðhæfing sé röng. Benda þeir á, að verulegar fjárhæðir séu óeyddar af greiðsluafgöngum fyrri ára, sem grípa megi til, áður en nýir skattar séu á lagðir, tekjuliðir fjárlagafrumvarpsins 1965 séu eins og að undanfögnu of lágt áætlaðir, aukið eftirlit eigi að tryggja betri skattheimtu og að með sparnaði og ráðdeild megi draga úr ríkisútgjöldunum.

Við teljum því, að umrædd skattheimta sé algerlega óþörf, og erum frumvarpinu andvígir þegar af þeirri ástæðu. En fleira kemur þar einnig til.

Með samningum verkalyðssamtakanna, ríkisstjórnarinnar og atvinnuveganna, sem gerðir voru hinn 5. júní í vor, vannst stundarfriður, sem gaf vonir um áframhaldandi samstarf til lausnar efnahagsvandans. Framkoma ríkisstjórnarinnar nú er hins vegar öll á þá lund, að hún eyðir trausti og torveldar samvinnu.

Einnig er þess að gæta, að söluskattur er ákaflega óheppileg tekjuöflunarleið, vegna þess að hann leggst eins á nauðsynjar sem óþarfa, og hann kemur þungst niður á þeim, sem minnsta getuna hafa. Auk þess er á allra vitorði, að innheimtunni er hér stórlega ábótavant og skortir mikið á, að skatturinn komi allur til skíla.

Eins og áður segir, leggjum við til, að frumvarpið verði fellt. En verði ekki á þá tillögu fallizt, munum við flytja breytingartillögur við 3. umræðu málsins um að hækka hluta sveitarfélaganna af söluskattinum og um að tekin verði upp ýtarlegri rannsókn á framtölum söluskattsskyldra aðila.

Alþingi, 20. des. 1964.

Einar Ágústsson,
frsm.

Skúli Guðmundsson.